

## Fyrirspurn

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um koltrefjaframleiðslu á Íslandi.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvert er mat ráðherra á samkeppnishæfni Íslands á sviði koltrefjaframleiðslu í ljósi nýlegrar alþjóðlegrar samkeppnisgreiningar á vegum Íslandsstofu og fleiri aðila?
2. Hefur ráðherra upplýsingar sem styðja enn frekar niðurstöður í ársskýrslu Íslandsstofu frá 2012 um að samkeppnisgreiningar sýni að alþjóðlegir framleiðendur geti sparað stórar fjárhæðir með fjárfestingu hér á landi í framleiðslu koltrefja þótt gengið sé út frá tiltölulega háu raforkuverði?
3. Getur fríverslunarsamningur Íslands og Kína aukið samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði og ef svo er, þá hvernig?
4. Hvað hefur einkum verið gert af hálfu stjórnvalda, Íslandsstofu og í samstarfi við orkufyrirtæki til þess að laða koltrefjaiðnað til Íslands?
5. Hvaða staðir á landinu koma einkum til greina þegar litið er til uppbyggingar koltrefjaiðnaðar á Íslandi?

**Skriflegt svar óskast.**